

FUNDARGERÐ

161. stjórnarfundur KRAFT

161. stjórnarfundur KRAFT var haldinn 22. janúar 2024, kl. 20.00 á Google Meet.

Fundarmenn : Hinrik, Þórunn Brynja, Auðunn, Kristleifur, María, Lára og Laufey
Fjarverandi: Aron Ingi
Fundarritari : Laufey

1. SÍÐASTA FUNDARGERÐ

Samþykkt.

2. ÚTHLUTUN AFREKSSJÓÐS OG LANDSLIÐSVAL 2024

Auðunn íþróttastjóri (og í landsliðsnefnd) renndi yfir landsliðsvalið fyrir næsta ár. Landsliði hefur verið boðið á landsliðs- og fræðslufund 27. janúar nk. þ.s. Ásdís Hjálmarsdóttir verður með námskeið. Hinrik ræddi aðeins um Afrekssjóð en styrkurinn hækkaði frá því í fyrra en nákvæmari úrlistun hefur enn ekki borist frá AJS. Það eru þrír sem fá einstaklingsstyrki þetta árið.

3. RIG

Það hefur fækkað keppendum, samtals keppendur : 6 kk og 7 kvk. Undirbúningur er á áætlun. Þórunn hefur tekið að sér lista yfir stangarmenn.

4. UNDIRBÚNINGUR HM Í BÚNAÐI

Heimsókn forseta IPF

Gaston kemur á laugardaginn kl.15.00. RIG er á sunnudag en á mánudag eru skipulagðir fundir (Hinrik og Gaston) með ÍSÍ, ÍF, fulltrúum Massa og bøjaryfirvöld í Reykjanesbæ.

Úttektarheimsókn IPF í janúar

Komu tæknimenn frá IPF
Mótshaldarar tóku á móti þeim
Ekki annað að heyra en að þeir séu mjög sáttir.

Kaup á búnaði eftir HM

Samtal við Eleiko komið í gang.
Fá verð í 7 rekka í viðbót þannig að upphitun yrði græjuð af Eleiko.
Þegar verð verður komið verður haft samband við félögin með kaup á búnaðinum.

Invitation í vinnslu, til í lok janúar

Samningur IPF og KRAFT skrifaður undir á RIG
Fá atvinnuljósmyndara til að taka myndir á RIG.

4. ÖNNUR MÁL

EM öldunga og EM í klassík

Almenn umræða um skipulag (aðstoðarmenn, dómari osfrv.)

Samningar við starfsmenn
Er í vinnslu. Klárað fyrir mánaðarlok.

Heiðursverðlaun
Kristleifur kom með komment um að miða við önnur sérsambönd.

Æfingarmót og dómarapróf
Umræða um skipulag.

Umræða um þjálfarapróf.

5. NÆSTI STJÓRNARFUNDUR

Formaður sendir fundarboð um næsta stjórnarfund.

6. FUNDARLOK

Fundi slitið kl. 22.05